



Menningar, -íþróttar og -tómstundaráð
Reykjavíkurborgar

***Umsögn Fjölmenningarráðs um tillögur um fjölmennigarfræðslu fyrir sjálfboðaliða og
þjálfara í íþróttar- og tómstundastarfí í Reykjavík***

Fjölmenningarráð þakkar Menningar-, íþróttar- og tómstundaráði fyrir umsagnarbeíðni varðandi tillögu um fjölmennigarfræðslu fyrir sjálfboðaliða og þjálfara í íþróttar- og tómstundastarfí í Reykjavík. Ráðið fagnar því samtali sem hér á sér stað, enda er mikilvægt að fagráðin hlusti á raddir grásrótarinnar við ákvarðanatöku innan málafloksins.

Fjölmenningarráð telur mikilvægt að borgin stuðli að virkri þáttöku allra barna og unglings í íþróttar- og tómstundastarfí, sérstaklega barna af erlendum uppruna. Þátttaka í frístundum er partur af félagslegrí viðurkenningu, hluti af samþættingu og gagnkvæmri aðlögun og hefur jákvæð áhrif á velliðan barnanna og ungmenna.

Skýrsla starfshóps um fjölmennigarfræðslu er vel unnin og taka tillögur starfshópsins sérstaklega mið af starfsemi íþróttafélaga sem er ný nálgun í þessum málaflokki þar sem er undirstrikað að félagsleg þátttaka barna af erlendum uppruna er aldrei einungis á ábyrgð foreldra þeirra eða barnanna sjálfra. Fjölmenningarráð telur mikilvægt að unnið sé með einstaklingum sem starfa innan íþróttafélaga til að styrkja þau í þeirra hlutverki að stuðla að aukinni þáttöku barna af erlendum uppruna í íþróttar- og tómstundastarfí.

Samkvæmt 13. gr. samstarfssamnings milli Reykjavíkurborgar og íþróttabandalags Reykjavíkur (hér eftir ÍBR), dags. 24. október 2016, skulu ÍBR og íþróttafélögini hafa virka jafnréttisstefnu og siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar. ÍBR og íþróttafélögini skulu jafnframt kynna sér stefnumótun Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og forvarnarmálum. Fjölmenningarráð telur að með fjölmennigarfræðslu megi vinna að ofangreindu markmiði og færa aðilum í íþróttar- og tómstundastarfí tæki sem nýta megi til að koma til móts við iðkendur af erlendum uppruna sem og foreldra eða forsjáraðila þeirra.

Fjölmenningarráð telur rétt að undirstrika að ekki er nóg að einblína á upplýsingagjöf til foreldra og barna af erlendum uppruna, heldur þarf að virkja þá einstaklinga sem starfa með börnunum innan íþróttafélaga. Fjölmenningarráðið fagnar að með þessum tillögum sé horft til gagnkvæmrar aðlögunar og ábyrgðar þeirra sem starfa innan íþróttafélaga. Aukið menningarnæmni og meðvitund um fjölbreytileika samfélagsins er hluti af grunnfærni allra sem starfa með börnum af erlendum uppruna.

Virðingarfyllst,

formaður Fjölmenningsarráðs
Sabine Leskopf